

Stjórnarfundur FEBSEL 11.11.2025 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.30.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Aðalbjörg, Inga og Sigurður.

Dagskrá:

1. Framtíðarsýn LEB.

Kristbjörg sagði frá fundi LEB sem haldinn var að Varmalandi 13. október 2025. Þarvar farið yfir helstu áskoranir og árangur í starfi eldri borgara svo og helstu áskoranir í kjaramálum og húsnæðismálum, velferð og félagsleg mál. Þá var farið yfir framtíðarsýn LEB til næstu 5 ára þar sem lögð var áhersla á efnahagslegt öryggi, örugt húsnæði, öfluga hagsmunagæslu, aukinn sýnileika og nýtingu stafrænnar tækni.

2. Framtíðarsýn FebSel.

Setja þarf niður framtíðarsýn FebSel í samræmi við framtíðarsýn LEB. Fulltrúar okkar eru í Öldungaráði bæjarins og hefur fundum þar verið fjölgað úr tveimur í fjóra á ári og í „Teyminu“. Þurfum að skerpa á okkar hlutverki í þessum tveimur ráðum.

3. Málþing um ofbeldi á öldruðum á vegum LEB.

Á málþinginu voru flutt mörg góð erindi varðandi þetta efni og í kjölfarið varfjölmiðlaumfjöllun um efnið. Þingið var tekið upp og hægt er að nálgast fyrirlestra á vefsíðu LEB.

4. Fjölgun nýrra félaga í FebSel.

Sigríður setti inn auglýsingu á FB- Íbúar Seltjarnarnesi og merkja mátti fjölgun félagsmanna í kjölfarið. Þurfum að auglýsa betur og hvetja eldri borgara á Nesinu til að ganga í félagið.

5. Frísk í Gróttu

Haldinn var fræðslufyrirlestur fyrir eldra fólk á vegum Frísk í Grótt 30. október s.l. FebSel kostaði þá fræðslu. Vel var látið af þeim fyrirlestri. Rætt um möguleika á að endurtaka hann eftir áramótin, þá á opnum félagsfundi FebSel.

6. Vinnustofa um ferðamennsku á Seltjarnarnesi.

Vinnustofan sem er í samstarfi bæjarins og Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisinsverður haldin 18. nóvember n.k. Þar verður fjallað um menningu, sögu og áfangastaðiá Seltjarnarnesi fyrir ferðamenn. Kristbjörgu var boðin þátttaka í vinnustofunni. FebSel telur mikilvægt að varðveita náttúruna og sögu staðarins og varar við ofmiklum ágangi ferðamanna á svæðið.

7. Sveitastjórnarkosningar í vor.

Mikilvægt er fyrir félagið að hafa nokkur málefni sem áhersla er lögð á og kynna þau fyrir væntanlegum frambjóðendum á Seltjarnarnesi, hvenær sem tækifæri gefst fyrir kosningar. Rætt um að bjóða frambjóðendum á fund okkar (opinn félagsfund) í byrjun febrúar á næsta ári og fá bókasafnið undir fundinn. Þar myndi skapast tækifæri fyrir félagsmenn okkar að kynna áherslumálum flokkanna um hagsmunamál eldri borgara í bænum fyrir komandi sveitastjórnarkosningar.

Ekki fleira gert. Fundi slitið kl. 18:05.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir